Helstu breytingar á leikmannasamningi BLÍ 2026–2027

Leikmannasamningur BLÍ hefur verið uppfærður með það að markmiði að skýra betur réttindi og skyldur leikmanna og félaga, samræma samninginn við reglugerðir BLÍ og einfalda meðferð ágreinings og vanefnda.

Skyldur leikmanns

- Ákvæði um æfingar og keppni utan félagsins hafa verið skýrð. Leikmanni er jafnframt óheimilt að gegna starfi þjálfara hjá öðru liði í sömu keppnisdeild og hann leikur í.
- Skýrara er tekið fram hvaða greiðslur og hlunnindi teljast ekki til fastra greiðslna samkvæmt samningnum, svo sem æfingaaðstaða, ferðakostnaður og árangurstengdir bónusar.
- Ákvæði um veðmál, gjafir og hlunnindi frá þriðja aðila og lyfjamál hafa verið skýrð og tengd betur við reglur BLÍ, FIVB og WADA.

Skyldur félags

- Nýtt og skýrara ákvæði hefur verið sett inn um ábyrgð félags á að þjálfarar og annað faglegt starfsfólk uppfylli menntunar-, réttinda- og hæfniskröfur samkvæmt reglugerðum BLÍ. Jafnframt er lögð áhersla á fagmennsku, öryggi og velferð leikmanna.
- Ákvæði um meiðsli og kostnað vegna meðferðar hafa verið skýrð, þar á meðal hvernig ábyrgð félagsins afmarkast gagnvart kostnaði innan íslenska heilbrigðiskerfisins.

Almenn ákvæði

- Ágreiningsákvæði hefur verið einfaldað. Aðilar skulu fyrst reyna að leysa ágreining sín á milli en að öðrum kosti fer málið í þann farveg sem lög og reglugerðir BLÍ gera ráð fyrir.
- Ákvæði um vanefndir og riftun hefur verið einfaldað í samningnum og vísar nú beint í reglugerðir BLÍ um ferli, áskorun um úrbætur og riftun.
- Samningurinn vísar nú með skýrari hætti í reglugerðir BLÍ og skuldbinda aðilar sig til að fylgja þeim.

Laun, hlunnindi og önnur ákvæði

- Samningsformið heldur áfram að gera ráð fyrir sérstöku svæði þar sem aðilar geta samið um launakjör, hlunnindi og önnur einstaklingsbundin ákvæði. Þar má meðal annars skrá æfingafatnað, ferðakostnað og árangurstengda bónusa.

Markmið breytinganna er fyrst og fremst að gera leikmannasamninginn skýrari, tryggja betra samræmi við reglugerðir BLÍ og gera ljóst hvaða ferli tekur við ef samningsaðili brýtur gegn skyldum sínum.